

# FRÉTTABRÉF

FÉLAGS ÍSLENSKRA NÁTTÚRUFRAEÐINGA

19. árg. 2. tbl.

apríl. 2004

## Orlofshús í sumar

Munið að 17. maí er síðasti dagur umsóknafrests um orlofshús. Umsóknareyðublað er í miðju fréttabréfinu ásamt úthlutunarreglum. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu FÍN.  
[www.bhm.is/fin](http://www.bhm.is/fin)

## Efni fréttabréfsins:

- Fundargerð aðalfundar 24. febrúar 2004, bls. 2
- Skýrsla stjórnar, bls. 7
- Stjórnskipaðar nefndir, bls. 8
- Orlofshúsin í sumar, bls. 5
- Umsóknareyðublað, í miðju blaðsins.
- Úthlutunarreglur, bls.6



**Gleðilegt  
Sumar!**

**Útgefandi:** Félag íslenskra náttúrufræðinga, Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

**sími:** 568-9616, **bréfsími:** 568-9619, **netfang:** [fin@bhm.is](mailto:fin@bhm.is),

**Heimasíða:** [www.bhm.is/fin](http://www.bhm.is/fin) **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Sæunn Marinósdóttir, skrifstofustjóri

## Aðalfundur FÍN, 24.febrúar 2004, kl.16:00

### 1. Skýrsla stjórnar – Ína Björg Hjálmarsdóttir, formaður.

Formaður las upp skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2003-2004.  
Sjá skýrslu stjórnar í fréttabréfi.

### 2. Ársreikningar FÍN og kjaradeilusjóðs fyrir árið 2003 – Margrét Yrsa Richter, gjaldkeri.

Ársreikningar lagðir fram og *samþykktir*.

Stjórn leggur til að félagsgjöld verði óbreytt, þ.e. 1.7% af dagvinnulaunum hjá starfsfólki ríkis og sveitarfélaga og 1.100 kr. fast gjald fyrir þá sem eru á almennum markaði.

Tillaga stjórnar *samþykkt*.

### 3. Inntaka nýrra félaga – Þrúður Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri

Á árinu hafa bæst við 62 fullgiltir félagar, 2 hafa sagt sig úr félaginu og 4 með aukaaðild hafa bæst við. Borið upp til samþykktar, inntaka nýrra félaga *samþykkt*.

### 4. Skýrslur nefnda; Umhverfisnefnd og Orlofshúsanefnd.

#### Skýrsla umhverfisnefndar – Stefán Benediktsson.

Nefndarmenn sjá ekki tilgang með starfsemi nefndar, sem felst í að lesa yfir lagafrumvörp sem er mjög tímafrekt, en nefndarmenn mega svo ekki hafa skoðun.

Stjórn þyrfti að meta alvarlega hvort þörf er fyrir þessa nefnd – það kom fram á fundinum að stjórn hefur rætt stöðu umhverfisnefndar.

Umræða um hlutverk þessarar nefndar – hvort ekki eigi alveg eins að vera nefndir um hin og þessi önnur mál.

#### Skýrsla orlofshúsanefndar – Einar Jónsson.

Voru 5 manns í nefndinni.

Yfirlit yfir rekstrarkostnað og tekjur orlofshúsa FÍN árið 2003.

Yfir veturinn hefur verið 100% helgarnýting í Skógarkoti og 80% helgarnýting í Fullsæll.

Tekjur voru 916.300 kr. og gjöld 1.488.619 kr. Mismunur – 572.319 kr. Helsti útgjaldapóstur var löngu tímabært viðhald að mati nefndarmanna.

Ath. að þessar tölur eru ekki nákvæmlega sömu tölur og í útreikningum félagsins.

### 5. Lagabreytingar – Ína Björg Hjálmarsdóttir, formaður.

Formaður leggur til að 10 grein laga FÍN sem fjallar um starfsemi kjaradeilusjóðs verði breytt.

10. grein hljóðar svona í dag:

“Reglur um starfsemi kjaradeilusjóðs skulu settar á aðalfundi og honum markaður tekjustofn.

Reglugerð um orlofshús verður aðeins breytt á aðalfundi.

Stjórn FÍN gerir tillögu um eftirfarandi breytingu á lögum félagsins á aðalfundi 2004:

10. grein laga félagsins orðist þannig eftir breytingu:

“Reglur um starfsemi Kjaradeilusjóðs FÍN skulu settar á aðalfundi og sjóðnum jafnframt markaður tekjustofn.

Eignum og tekjum Kjaradeilusjóðs FÍN skal haldið algerlega aðgreindum frá öðrum fjármunum á vegum FÍN og er óheimilt að verja þeim til annarra þarfa en þeirra sem falla undir reglur um starfsemi sjóðsins.

*Reglugerð um orlofshús verður aðeins breytt á aðalfundi.”*

#### Rökstuðningur:

Nauðsyn þykir bera til að áréttu fullkomið sjálfstæði Kjaradeilusjóðs FÍN í lögum félagsins og að óheimilt er að verja fjármunum úr þeim sjóði til annarra þarfa en nákvæmlega eru skilgreindar í reglum sjóðsins. Þannig er t.d. óheimilt að verja eignum sjóðsins til að standa undir fjárhagslegum rekstri eða skuldbindingum FÍN.

Heiðrún Guðmundsdóttir leggur fram breytingatillögu við breytingatillögu.

Leggur til að síðasti hluti rökstuðnings með tillögu stjórnar, þ.e. um að óheimilt sé að verja eignum sjóðsins til að standa undir fjárhagslegum rekstri eða skuldbindingum FÍN, fari inn í texta í tillögu um lagabreytingu og verði hluti af sjálfri lagabreytingunni.

Umræður um breytingatillögu og breytingatillögu við hana. Tillögur um breytingu miða að því að gera kjaradeilusjóð sjálfstæðari.

Heiðrún Guðmundsdóttir dregur breytingatillögu sína til baka.

Lagabreytingatillaga stjórnar *samþykkt* með öllum greiddum atkvæðum.

## **6. Kosning í stjórn og nefndir – Auður Antonsdóttir, fundarstjóri.**

#### Tilnefningar - Stjórn FÍN til 2 ára:

Formaður – Ína Björg Hjálmarsdóttir  
 Formaður ráðgjafarnefndar – Páll Halldórsson  
 Meðstjórn - Svava S. Steinarsdóttir  
 Trausti Baldursson  
 Þórarinn Jóhannsson  
 Jónína Valsdóttir  
 Kristjana Bjarnadóttir  
 Jóhannes Kjarval  
 Guðmundur Víðir Helgason  
 Elín Ásgeirsdóttir

#### Tilnefningar - Stjórn kjaradeilusjóðs til 2 ára.

Formaður FÍN - aðalmaður  
 Guðmundur Guðjónsson – aðalmaður  
 Ritari FÍN – varamaður

#### Tilnefningar – Endurskoðendur til 2 ára.

Jóhann Ólafsson - aðalmaður  
 Sigrún Guðmundsdóttir – varamaður

#### Tilnefningar – Siðanefnd til 2 ára.

Hákon Aðalsteinsson – aðalmaður  
 Margrét Steinarsdóttir – aðalmaður  
 Ólafur R. Dýrmundsson – aðalmaður  
 Steinunn Jakobsdóttir – varamaður

Tilnefningar – Orlofshúsanefnd.

Maríanna H. Helgadóttir – aðalmaður  
 Einar Jónsson – aðalmaður  
 Sigurbjörg Gísladóttir – aðalmaður  
 Haukur Þór Haraldsson – aðalmaður  
 Jónína Valsdóttir – fulltrúi stjórnar

Tilnefning - Fulltrúi í húsfélaginu í Ásbrú.

Gjaldkeri FÍN – aðalmaður  
 Þrúður G. Haraldsdóttir framkvæmdastjóri FÍN – varamaður

Allir tilnefndir fulltrúar í stjórnir og nefndir **samþykktir** í kosningu með öllum greiddum atkvæðum.

Listi yfir stjórnskipaðar nefndir verður birtur í næsta fréttabréfi FÍN, eftir að ný stjórn hefur skipt með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum.

**7. Önnur mál****A. Tillaga frá félagsmanni um rekstur orlofshúsa FÍN.**

Starri Heiðmarsson leggur eftirfarandi tillögu fyrir stjórnarfund FÍN:

*Tillaga:*

“Aðalfundur Félags íslenskra náttúrufræðinga haldinn 24. febrúar 2004 samþykkir að stefna beri að sölu á orlofshúsum þeim er félagið á. Húsin má selja annað hvort á frjálsum markaði eða að félagið stofni sérstakan orlofshúsasjóð með valfrjálsri aðild sem kaupa myndi húsin.”

*Greinargerð:*

Undanfarin ár hafa orlofshús félagsins verið rekin með tapi. Á árinu 2002 var tapið skv. ársreikningum félagsins rúmlega 750.000 krónur og er það tap einungis á rekstri eignanna og ekki gert ráð fyrir fjármagnskostnaði við uppbyggingu þeirra. Samsvarandi tölur fyrir árin 2001 og 2000 eru tap uppá 313.011 kr. og 489.900 kr. Það er afar óeðlilegt að þeir félagsmenn FÍN sem ekki nýta sér orlofshúsin þurfi að niðurgreiða dvöl þeirra er vilja og geta nýtt sér orlofshúsin. Því ber félaginu að selja þessar eignir hið fyrsta. Sé hins vegar vilji fyrir því innan félagsins að halda áfram að eiga og reka orlofshús er eðlilegast að um orlofshúsin sé stofnaður sérstakur sjóður er félagsmenn hafi val um hvort þeir greiða í eða ekki.

**B. Frávísunartillaga stjórnar um að umfjöllun um tillögu A verði frestað til næsta aðalfundar.**

Á þeim tíma muni stjórn FÍN láta gera viðhorfskönnun meðal allra félagsmanna um rekstur og eignarhald á orlofshúsum

Tillaga B **samþykkt** með öllum greiddum atkvæðum.

Ákveðið var að skoða viðhorf félagsmanna til reksturs og eignarhalds á orlofshúsum.

**8. Lokaorð formanns FÍN – Ína Björg Hjálmarsdóttir**

Aðalfundi slitið kl. 18:00

## Orlofshús sumarið 2004

Félagsmenn sem hafa áhuga á sumardvöl í orlofshúsi á vegum félagsins eru hvattir til að sækja um og merkja við alla valkosti sem þeir geta hugsanlega notað á umsóknareyðublaðinu. Hægt er að nálgast umsóknareyðublaðið og nánari upplýsingar um húsin á heimasíðu FÍN <http://www.bhm.is/fin/>

### **SKÓGARKOT Í BORGARFIRÐI**

Skógarkot er mjög rúmgott timburhús í Norðtunguskógi u.þ.b. 2 km ofan við bæinn Norðtungu í Þverárhlíð í Borgarfirði. Skógarkot stendur eitt og sér í þéttvöxnum skógi og hefur dvöl þar notið mikilla vinsælda meðal félagsmanna. Húsið er það stórt að það rúmar vel 2 - 3 fjölskyldur.

Í húsinu er 2 svefnherbergi á jarðhæð með tvíbreiðu rúmi annarsvegar og venjulegu rúmi hinsvegar. Á efri hæð eru tvö svefnloft auk herbergis með samtals 8 rúmunum (4+3+1). Auk þess eru í húsinu eithvað af aukadýnum, samanbrotið barnarúm og barnastóll. Á neðri hæð er rúmgóð stofa, borðstofa, eldhús, bað með sturtu og bakinn gangur. Í eldhúsinu er eldavél, ísskápur, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir a.m.k. 12 manns. Sængur og koddar eru fyrir 12 en gestir þurfa að taka með sér allt lín. Gasgrill er á staðnum og heitur pottur við húsið. Mennt þurfa að sækja sjálfir gas fyrir gasgrillið og því rétt að aðgæta þegar komið er í húsið hvort kútar eru tómir.

Vikuleiga í sumar er kr. 18.000.

### **FÍN – HÚSIÐ Í BISKUPSTUNGUM**

Margir félagsmenn þekkja húsið við Fullsæl og umhverfi þess vel en fyrst var húsið leigt út í júní 1984. Húsið er á landi Syðri-Reykja í Biskupstungum og er ca 45 fermetrar á einu gólfi (án svefnlofts). Þar er forstofa, tvö svefnherbergi; annað með tvíbreiðu rúmi en hitt með koju (þ.e. rúm og hákoja), baðherbergi með sturtu, stofa með sófa sem hægt er að draga út í tvíbreitt rúm og eldhúskrókur með eldavél og ísskáp. Í húsinu er samanbrotið barnarúm og barnastóll. Sængur og koddar eru fyrir sex (og eithvað af aukadýnum) en gestir þurfa að hafa með sér allt lín. Borðbúnaður er fyrir a.m.k. 10 manns. Í bústaðnum er gasgrill og sjónvarp. Félagsmenn verða sjálfir að sækja gas fyrir gasgrillið ef kútar eru tómir. Leyfilegt er að veiða í ánni Fullsæl sem rennur fyrir neðan húsið (sjá nánari upplýsingar í húsinu) og er veiðigjaldið innifalið í húsaleigu. Heitur og skjólgóður pottur er áfastur við húsið og þá eru góðar rólur og sandkassi til staðar fyrir börn. Talsverðar endurbætur hafa verið gerðar á húsinu undanfarin ár og var það parketlagt nú í vor en í öll þessi ár hefur verið efni á gólfum sem í upphafi var aðeins hugsað til bráðabirgða.

Vikuleiga í sumar er kr. 14.000.

### **FLÓKALUNDUR Á BARÐASTRÖND**

Húsið stendur í orlofshúsaahverfi rétt utan við Flókalund í Vatnsfirði vestur. Svæðið er rómað fyrir náttúrufergurð (skógur, fjörður, stórt stöðuvatn) og friðlýst sem slíkt.

Húsið skiptist í forstofu, stofu og baðherbergi með sturtu, eldhúskrók með eldavél og ísskáp, hjónaherbergi og barnaherbergi með svefnstæðum fyrir þrjá. Almennur búnaður er fyrir 6-8 manns, sængur fyrir sex. Eldavél er með tveimur hellum og bakarofni. Orlofsgestir þurfa að taka með sér allt lín. Akstur í sundlaug og verslun (Birkimel) tekur 15 mín á malbikuðum vegi. Hótel Flókalundur er auk þess í næsta nágrenni sem áður sagði ef fólk vill fá matinn tilbúinn. Vikuleiga er kr. 14.000.

## BLÖNDALSBÚÐ Á HÉRAÐI

Félagsmönnum stendur til boða rúmgott nýlegt hús; Blöndalsbúð í Eyjólfsstaðaskógi á Héraði í tvær vikur í sumar. Húsið er ekki langt frá Einarstöðum um 11 km innan við Egilsstaði í átt að Hallormsstað. Húsið rúmar tvær samrýmdar fjölskyldur en hjónaherbergi er þó aðeins eitt öðrumegin á svefnlofti. Þar er hjónarúm og auk þess má bæta við dýnu á gólfu. Önnur gístaðstaða eru 5-8 dýnur á hinum hluta svefnloftsins. Sængur og koddar fylgja með en gestir verða að hafa með sér allt lín. Borðbúnaður er fyrir a.m.k. 8 manns. Húsið er kynnt með rafmagni en einnig má nota viðarofn sem fóðraður er með birkibútum sem er að finna í viðarskýli við húsið. Næsta nágreppi, þegar frá er talinn 30 m<sup>2</sup> útíallur og grasflöt, er að mestu skógur með göngustígum innan um birki og greni. Gönguleiðir um skóginn geta verið margir km ef áhugi er fyrir slíku. Í húsinu er ekki sjónvarp en þar er útvarp með geislaspylara. Kolagrill er á staðnum. Vikuleiga er kr 20.000.

### ÖNNUR ORLOFSHÚS

Bent skal á að eftir úthlutun hjá BHM er hugsanlegt að einhverjar vikur verði lausar í orlofshúsum samtakanna og hægt er að grennslast fyrir um það eftir mánaðarmótin maí/júní með því að senda tölvupóst til BHM. Netfangið er [bhm@bhm.is](mailto:bhm@bhm.is).

### Úthlutunarreglur orlofshúsa FÍN

Félagsmönnum er forgangsraðað í orlofshúsin eftir neðangreindri formúlu eins og áður:

$$k = \frac{(50 + \text{aldur}) \times \text{prófaldur}}{(1 + \text{hve oft úthlutað áður})}$$

Í reglugerð fyrir orlofshús FÍN er meðal annars kveðið á um:

- að úthlutun hjá FÍN hefur engin áhrif á úthlutun hjá BHM og öfugt
- einungis þeir sem hafa greitt félagsgjöld sín fá úthlutað eftir forgangsráð
- eftirlaunaþegar hafa þó fullan rétt, enda eru þeir undanþegnir greiðslu félagsgjalda

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 17. MAÍ OG ÞURFA UMSÓKNIR  
AÐ BERAST SKRIFSTOFU Í SÍÐASTA LAGI ÞANN DAG.

Umsóknareyðublaðið er að finna í miðju fréttabréfsins og á heimasíðu félagsins: [www.bhm.is/fin/](http://www.bhm.is/fin/)



## Skýrsla stjórnar Félags íslenskra náttúrufræðinga fyrir starfsárið 2003-2004

Samkvæmt lögum félagsins skipti stjórn með sér verkum í upphafi starfsárs. Framkvæmdastjórn skipaði ásamt formanni og varaformanni, sem kosnir voru á aðalfundi, Margrét Yrsa Richter gjaldkeri, Maríanna H. Helgadóttir ritari og Ágústa Sveinbjörnsdóttir meðstjórnandi. Umsjónarmenn trúnaðarmanna voru Svava S. Steinarsdóttir, Vala Friðriksdóttir og Þóroddur Fr. Þóroddsson, sem var fulltrúi trúnaðarmanna í stjórn. Nokkrir stjórnarmenn sáu um tilgreinda málaflokka: Einar Hjörleifsson rak reiknistofu FÍN eins og mörg undanfarin ár; Heiðrún Gunnardóttir sá um málefni lífeyrisþega; Helga Tulinius var fulltrúi stjórnar í orlofshúsanefnd og Jónína Valdóttir og Sigfinnur Snorrason sáu um málefni almenna markaðarins m.a. með starfi innan BHM. Aðrir stjórnarmenn voru Elín Ásgeirsdóttir, Guðmundur Víðir Helgason, Hulda Steingrímsdóttir, Inga Dagmar Karlsdóttir, Trausti Baldursson og Friðþjófur Árnason. Að auki sat í stjórn formaður ráðgjafanefndar Páll Halldórsson, en auk hans sitja í ráðgjafanefnd, Auður Antonisdóttir og Þórólfur Antonsson en þau hafa tekið ómældan þátt í gerð kjara- og stofnanasamninga um árabíl. Vil ég þakka þessum aðilum fyrir vel unnin störf.

Á árinu var komið upp nýju kerfi til bókunar félagsmanna og innheimtu félagsgjalda, þ.e. BIB. En samkvæmt BIB voru við aðalafund 1648 félagmenn á skrá og af þeim greiddu 1042 félagsgjöld, aðrir eru eftirlaunaþegar, atvinnulausir eða óvirkir félagsmenn og námsmenn.

Helstu verkefni félagsins á síðastliðnu starfsári voru að vanda samningar og réttindamál. Umsjónarmenn trúnaðarmanna unnu að eflingu trúnaðarmannakerfisins, með trúnaðarmannafundum og starfsdegi trúnaðarmanna á Hvanneyri sem mæltist vel fyrir. Einnig hefur verið til skoðunar möguleiki á umræðutorgi fyrir trúnaðarmenn til að ræða þau mál sem upp koma. Félagið hefur einnig gefið umsagnir til alþingis og tók þátt í ferð til Brussel þar sem skoðuð var staða inna ESB í kjara- og réttindamálum.

Enn sem fyrr var stærsti liður starfseminnar endurskoðun stofnanasamninga og samstarfsnefndarfundir til að fylgja eftir framkvæmd samninganna. En einnig gerðu trúnaðarmenn úttekt á framkvæmd stofnanasamninga á sínum stofnunum. En þó að endurskoðun stofnanasamninga hafi gengið vel og jafnvel svo að endurskoðun hafi átt sér stað í tvígang eru enn nokkrar stofnanir sem ekki hefur tekist að ná samningum við, sú fjölmennasta Landspítali háskólasjúkrahús með 72 félagsmenn. Samningasjóður var notaður til að greiða starfsmanni laun við undirbúning stofnanasamninga og flýtti það mjög allri samningsgerð.

Félagið hefur einnig í þó nokkrum mæli aðstoðað félagsmenn við að tryggja réttindi vegna niðurlagningar eða flutnings starfa vegna breytinga á ríkistofnunum. Einnig hefur félagsmönnum verið veitt aðstoð á almennum markaði, t.d. hjá Íslenskri erfðagreiningu og við gerð starfslokasamninga aðallega á ríkistofnunum. Aukning hefur orðið á aðstoð sem félagið veitir einstaklingum vegna ágreiningsmála, einkum hjá opinberum stofnunum. Fjöldi einstaklinga leitaði eftir leiðbeiningu vegna ráðningar í starf og beinni aðkomu félagsins við ráðningu.

FÍN hefur einnig verið virkt innan Bandalags háskólamanna, t.d. vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, niðurskurðar á Landspítala háskólasjúkrahúsi, í lífeyrismálum, málefnum almenna markaðarins og vinnuumhverfismálum. En einnig hefur félagið tekið þá í starfshópum um kjaramál, endurskoðun samningsréttalaga og verkaskiptingu BHM og félaganna. FÍN hefur einnig tekið þátt í uppsetningu á bókunarmiðstöð BHM (BIB).

Nýr starfsmaður Freydís Þóra Aradóttir hefur verið ráðin á skrifstofu til að fara yfir skjalavörslu og meta tölvukerfi sem gætu aukið skilvirkni og yfirsýn á skrifstofu.

Ína Björg Hjálmarsdóttir  
formaður FÍN



## Stjórnskipaðar nefndir

### Stjórn FÍN hefur skipað eftirfarandi aðilum í eftirtaldar nefndir:

#### Arkitektanefnd:

- Jóhannes Kjarval Reykjavíkurborg, Borgarskipulag
- Sigurður Thoroddssen Skipulagsstofnun
- Bergljót S. Einarsdóttir Garðabær

#### Menntanefnd:

- Barði Þorkelsson Veðurstofa Íslands
- Emma Eyþórsdóttir Rannsóknastofnun landbúnaðarins
- Aðalsteinn Sigurgeirsson Skógrækt ríkisins, Mógilsá
- Hans Guttormur Þormar Landspítali-háskólasjúkrahús

#### Fulltrúar FÍN í miðstjórn BHM:

- Páll Halldórsson, Veðurstofa Íslands
- Ína Björg Hjálmarsdóttir, Landspítali-háskólasjúkrahús, Blóðbanki
- Þorsteinn Sigurðsson, Hafrannsóknastofnunin
- Þrúður G. Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri Félags íslenskra náttúrufræðinga er áheyrnarfulltrúi

#### Heilbrigðisnefnd: Vantar 1

- Auður Antonsdóttir, Landspítali-háskólasjúkrahús, veirudeild
- Björn Harðarson, Landspítali-háskólasjúkrahús, Blóðbankinn
- Steinunn Thorlacius, Urður verðandi skuld

#### Umhverfisnefnd: Vantar 3

- Freysteinn Sigurðsson, Orkustofnun
- Gunnlaug Einarsdóttir, Umhverfisstofnun
- Ingvar A. Sigurðsson, Náttúrustofa Suðurlands formaður
- Stefán Benediktsson, Umhverfisstofnun
- Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Skipulagsstofnun

## Önnur málefni

### Stjórn FÍN hefur einnig falið eftirfarandi aðilum ákveðin málefni:

#### Starfshópur um málefni lífeyrisþega:

- Heiðrún Guðmundsdóttir Umhverfisstofnun
- Ólafur R. Dýrmundsson, Bændasamtök Íslands
- Vilhjálmur Þorsteinsson, Hafrannsóknastofnun

#### Umsjónarmenn trúnaðarmanna:

- Vala Friðriksdóttir, Háskóli Íslands
- Þóroddur Fr. Þóroddsson, Skipulagsstofnun
- Svava St. Steinarsdóttir, Umhverfisstofnun